

Mannréttindaáætlun/jafnréttisáætlun

Íþróttta- og tómstundasviðs 2009



Uppbyggilegur frítími

Janúar 2009

Inngangur

Samfélagsbreytingar undanfarinna ára hafa leitt til aukinnar áherslu á heildræna frístundaþjónustu í nærumhverfinu og eflingu félagsauðs í hverfum og má segja að virk þátttaka í uppbyggilegu frístundastarfi hafi jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf. Lykilhugtök í þessu tilliti eru jafnræði, fjölbreytileiki og gæði. ÍTR sinnir frítímaþjónustu þar sem velferð og lífsgæði almennings eru í fyrirrúmi og stendur vörð um mannréttindi jafnt í þjónustu sem og meðal starfsfólks.

Árið 2008 var farin sú leið að setja verkefni sem tengjast mannréttindastefnu inni í sjálfa starfsáætlunina. Þetta var gert til þess að einfalda vinnulag og var tilraun til að samþætta mannréttindamál allri starfsemi ÍTR. Það sama er gert í starfsáætlun árið 2009.

Hér er að finna verkefni úr starfsáætlun sem eru jafnréttis- og mannréttindamál en jafnframt er að finna verkefni sem skylt er að tilgreina í jafnréttisáætlunum *sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96 frá árinu 2000*.

Mannréttindaáætlun / Jafnréttisáætlun 2009 mótast óhjákvæmilega af þeim efnahagsþrengingum sem steðja að borgarbúum. Í starfsáætlun ÍTR fyrir árið 2009 kemur fram að mikilvægast sé að tryggja að börn og unglingar geti notið uppbyggilegs frítíma. Að starfsemi sem haldið er úti af borgaryfirvöldum og frjálsum félögum verði þeim griðastaður og vettvangur gleði og lærdóms. Áherslan í starfseminni einkennist því í auknum mæli af rækt við jákvæð gildi og góðar uppeldisaðstæður á krefjandi tímum.

Hlutverk ÍTR

- Bjóða börnum unglingum og ungmennum upp á íþrótt- og tómstundastarf sem hefur uppeldis og forvarnargildi.
- Stuðla að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttri íþróttaiðkun, alhliða líkamsrækt, skemmtun, afþreyingu og slökun.
- Vera í fararbroddi við að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustunnar.

Til að sinna hlutverki sínu mun ÍTR eiga gott samstarf við þjónustumiðstöðvar, skóla, félagasamtök o.fl. ÍTR úthlutar styrkjum til starfsemi og uppbyggingar æskulýðs- og íþróttastarfs í Reykjavík. Enn fremur veitir ÍTR íþrótt- og tómstundastyrki til foreldra barna á aldrinum 6 til 18 ára í gegnum Frístundakortið.

Verkefni úr starfsáætlun ÍTR 2009 sem eru jafnréttis- og mannréttindamál

Markmið: Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum			
	Verkefni	Tími	Ábyrgð
1	Unnin verði áætlun og útfærðar leiðir til að tryggja samráð og samvinnu hagsmunaaðila í hverfasamstarfi og tengsl við grasrótarsamtök. Sérstök áhersla verði lögð á aukið samstarf vegna þróunar þverfaglegrar starfsemi í hverfum og kynningarstarf meðal innflytjenda	Allt árið	Skrifstofustjóri ÍTR
2	Vinna stefnumótun ÍTR varðandi starf fyrir fatlaða.	Mars	Skrifstofustjóri tómsundamála og mannréttindafulltrúi.
3	Innleiða samþættingar-/greiningarverkefni í starfi í frístundaheimila og félagsmiðstöðva.	Maí	Mannréttindafulltrúi og skrifstofustjóri tómsundamála.
4	Gerð verði aðgerðaáætlun um fjölbreyttari þjónustu í sundlaugunum. Sérstaklega verði horft til þjónustu við börn og ungmenni, leiktækja og annars aðbúnaðar, aðstöðu og þjónustu við trimmhópa og kynningarstarfs á erlendum tungumálum meðal innflytjenda og ferðamanna.	Febrúar – apríl	Skrifstofustjóri íþróttamála.

Markmið og verkefni sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96 frá 2000

Markmið: Tryggja að konur og karlar hafi sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf

Atvinnurekendur er óheimilt að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum á grundvelli kyns.

	Verkefni	Tími	Ábyrgð
5	Greina, eftir kynjum, laun og fríðindi starfsmanna á minnst þremur starfsstöðum á hverju ári. Leiðréttingar gerðar ef mismunur kemur í ljós.	Allt árið	Starfsmannastjóri ÍTR

Markmið: Tryggja að ekki sé kynbundinn mismunur í starfi og við ráðningu.

Atvinnurekendur er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

	Verkefni	Tími	Ábyrgð
6	Gera tvisvar á ári úttekt á hlutfalli kvenna og karla í hópi stjórnenda og sérfræðinga (forstöðumanna, deildarstjóra, rekstrarstjóra, umsjónarmanna, verkefnastjóra og vaktformanna).	Febrúar,	Mannréttindafulltrúi

Markmið: Vinna gegn kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

	Verkefni	Tími	Ábyrgð
7	Kynnt verði hvert starfsmenn skuli snúa sér verði þeir fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað. Forvarnir og viðbrögð á vinnustað (viðbragðsáætlun) kynnt á nýliðanámskeiðum og á innri vef.	Maí	Mannréttindafulltrúi